en frá þeim degi af kr. 360.092.563 til 31. mars 2017, en frá þeim degi af kr. 360.093.283 til 3. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.095.443 til 4. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.102.883 til 5. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.103.443 til 6. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.107.683 til 7. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.110.563 til 10. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.114.403 til 11. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.119.123 til 13. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.122.323 til 17. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.122.963 til 18. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.125.843 til 19. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.127.123 til 21. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.128.403 til 24. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.129.843 til 25. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.132.003 til 27. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.132.483 til 30. apríl 2017, en frá þeim degi af kr. 360.134.323 til 2. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.136.883 til 3. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.137.363 til 4. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.137.683 til 5. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.138.003 til 8. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.140.963 til 9. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.141.123 til 10. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.141.923 til 11. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.142.243 til 12. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.554.311 til 15. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.687.214 til 16. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.798.427 til 18. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 360.920.442 til 19. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 361.071.278 til 22. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 361.220.333 til 23. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 361.302.414 til 26. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 361.389.322 til 29. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 361.448.461 til 30. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 361.516.026 til 31. maí 2017, en frá þeim degi af kr. 361.533.895 til 1. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 361.567.610 til 2. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 361.575.172 til 6. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 361.602.174 til 7. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 361.635.333 til til 8. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 361.646.908 til 12. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 366.133.856 til 13. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 368.416.344 til 14. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 368.824.344 til 15. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 369.802.523 til 16. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 369.917.319 til 19. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 370.229.957 til 20. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 370.581.701 til 21. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 370.699.010 til 22. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 370.782.987 til 26. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 370.811.884 til 27. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 370.820.547 til 29. júní 2017, en frá þeim degi af kr. 370.827.636 til 3. júlí

2017, en frá þeim degi af kr. 370.33.944 til 4. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 835.304 til 5. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 370.835.576 til 6. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 370.987.520 til 7. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 371.024.982 til 10. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 372.942.991 til 11. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 373.412.660 til 13. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 374.239.790 til 14. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 374.514.213 til 17. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 374.778.170 til 18. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 375.077.877 til 19. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 375.177.856 til 20. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 375.184.584 til 24. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 375.186.783 til 25. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 375.280.875 til 28. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 375.364.247 til 31. júlí 2017, en frá þeim degi af kr. 375.398.866 til 1. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.510.971 til 3. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.563.935 til 8. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.729.466 til 10. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.765.283 til 11. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.772.028 til 14. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.791.554 til 15. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.833.365 til 16. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.838,394 til 17. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.847.776 til 18. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.853.605 til 21. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.859.921 til 22. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.902.331 til 23. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.953.716 til 24. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 375.974.953 til 28. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 376.064.240 til 29. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 376.105.834 til 30. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 376.111.411 til 31. ágúst 2017, en frá þeim degi af kr. 376.120.041 til 4. september 2017, en frá þeim degi af kr. 376.128.772 til 5. september 2017, en frá þeim degi af kr. 376.169.312 til 6. september 2017, en frá þeim degi af kr. 376.181.583 til 7. september 2017, en frá þeim degi af kr. 376.185.352 til 11. september 2017, en frá þeim degi af kr. 377.831.460 til 12. september 2017, en frá þeim degi af kr. 380.430.272 til 14. september 2017, en frá þeim degi af kr. 381.327.486 til 18. september 2017, en frá þeim degi af kr. 382.497.362 til 19. september 2017, en frá þeim degi af kr. 382.869.634 til 20. september 2017, en frá þeim degi af kr. 383.004.969 til 21. september 2017, en frá þeim degi af kr. 383.100.692 til 22. september 2017, en frá þeim degi af kr. 383.103.864 til 25. september 2017, en frá þeim degi af kr. 386.314.286 til 26. september 2017, en frá þeim degi af kr. 387.328.236 til 28. september 2017, en frá þeim degi af kr. 387.449.586 til 29. september 2017, en frá þeim degi af kr.

388.483.861 til 2. október 2017, en frá þeim degi af kr. 388.609.437 til 3. október 2017, en frá þeim degi af kr. 389.885.174 til 5. október 2017, en frá þeim degi af kr. 389.936.460 til 6. október 2017, en frá þeim degi af kr. 389.943.837 til 9. október 2017, en frá þeim degi af kr. 389.987.408 til 10. október 2017, en frá þeim degi af kr. 392.898.885 til 11. október 2017, en frá þeim degi af kr. 401.930.925 til 12. október 2017, en frá þeim degi af kr. 426.659.930 til 13. október 2017, en frá þeim degi af kr. 428.835.728 til 16. október 2017, en frá þeim degi af kr. 430.936.157 til 17. október 2017, en frá þeim degi af kr. 431.960.029 til 19. október 2017, en frá þeim degi af kr. 434.345.474 til 20. október 2017, en frá þeim degi af kr. 435.574.309 til 23. október 2017, en frá þeim degi af kr. 437.120.505 til 24. október 2017, en frá þeim degi af kr. 444.026.412 til 26. október 2017, en frá þeim degi af kr. 445.347.705 til 30. október 2017, en frá þeim degi af kr. 446.370.223 til 31. október 2017, en frá þeim degi af kr. 446.772.522 til 1. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 446.394.392 til 2. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 446.402.351 til 2. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 446.403.990 til 3. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 446.403.990 til 6. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 446.406.892 til 7. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 446.660.731 til 9. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 446.953.851 til 10. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.037.931 til 14. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.752.491 til 16. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.772.171 til 20. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.780.731 til 21. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.796.651 til 23. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.798.811 til 27. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.800.251 til 28. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.803.771 til 29. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.804.251 til 30. nóvember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.804.891 til 1. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 447.838.540 til 4. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 448.012.040 til 5. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 449.165.734 til 7. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 449.843.028 til 8. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 449.947.086 til 11. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 450.110.494 til 12. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 450.151.258 til 13. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 450.155.332 til 14. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 450.157.767 til 15. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 450.158.846 til 18. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 450.167.450 til 18. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 450.640.914 til 20. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 451.122.814 til 21. desember 2017, en frá þeim degi af kr.

451.353.072 til 22. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 451.371.075 til 26. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 451.500.484 til 27. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 451.687.068 til 28. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 451.734.832 til 29. desember 2017, en frá þeim degi af kr. 451.774.046 til 2. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 452.011.115 til 3. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 452.313.012 til 4. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 452.314.606 til 5. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 452.378.828 til 8. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 453.809.665 til 9. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 461.451.504 til 11. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 461.546.144 til 15. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 461.979.744 til 16. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 462.099.808 til 17. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 463.097.175 til 18. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 463.202.792 til 22. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 465.082.412 til 23. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 465.729.395 til 25. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 465.818.991 til 26. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 465.828.956 til 29. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 466.223.553 til 30. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 467.002.729 til 31. janúar 2018, en frá þeim degi af kr. 467.002.809 til 1. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 467.065.603 til 2. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 467.116.350 til 5. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 467.648.010 til 6. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 467.766.432 til 7. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 468.930.018 til 8. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 469.010.238 til 9. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 469.057.458 til 12. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 469.773.047 til 13. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 471.598.732 til 14. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 471.599.192 til 15. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 471.670.936 til 19. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 473.372.840 til 20. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 474.338.447 til 21. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 474.871.095 til 22. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 474.946.269 til 26. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 475.727.650 til 27. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 476.106.251 til 28. febrúar 2018, en frá þeim degi af kr. 476.347.278 til 1. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 476.466.685 til 2. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 476.480.556 til 5. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 476.810.241 til 6. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 476.970.662 til 7. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 476.988.754 til 8. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 477.090.889 til 9. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 477.093.004 til 12. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 479.467.116 til 13. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 482.527.899 til 14. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 482.536.658 til 15. mars 2018,

en frá þeim degi af kr. 482.604.656 til 16. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 482.604.736 til 19. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 484.177.126 til 20. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 484.514.175 til 21. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 485.133.861 til 22. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 485.243.582 til 23. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 488.263.831 til 26. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 490.069.915 til 27. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 490.376.875 til 28. mars 2018, en frá þeim degi af kr. 490.516.889 en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 490.516.889 frá 11. apríl 2018 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda. Frávísunarkröfu stefnda var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. desember 2018 og ákveðið að ákvörðun um málskostnað biði efnislegrar niðurstöðu í málinu.

Stefndi krefst sýknu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins, en til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, en aðilar og dómari voru sammála um að ekki væri þörf á endurflutningi málsins.

I.

Stefnandi hefur meðal annars með höndum innflutning á matvörum og sölu þeirra. Stefnandi hefur flutt inn tiltekna landbúnaðarvörur og greitt við þann innflutning gjöld sem lögð eru á samkvæmt tollskrá og öðrum viðaukum við tollalög nr. 88/2005. Í búvörulögum nr. 99/1998 er ráðherra heimilað að víkja þessari gjaldtöku til hliðar, telji hann ástæðu til. Mál þetta hefur stefnandi höfðað þar sem félagið telur nefnda gjaldtöku ólögmæta og krefst þess að stefndi verði dæmdur til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem stefnandi hefur innt af hendi vegna innflutnings á landbúnaðarvörum síðustu fjögur ár fyrir stefnubirtingu. Stefnandi hefur tekið til varna, m.a. með vísan til þess að ráðherra sé aðeins að framfylgja vilja löggjafarvaldsins í þessum efnum.

II.

Krafa stefnanda lýtur að endurgreiðslu tolla sem lagðir hafa verið á innflutning hans á landbúnaðarvörum sem falla undir tollskrárnúmer sem tilgreind eru í viðaukum IVA og IVB við tollalög nr. 88/2005. Um er að ræða kjöt, mjólkurvörur, egg, blóm, kartöflur, tómata, lauk, kál, salat, gulrætur, gúrkur og aðrar matjurtir. Á þessar vörur leggst tollur samkvæmt viðauka I við löggin á grundvelli 5. og 12. gr. þeirra. Fjárhæð

dómkröfunnar svarar til tolla sem stefnandi hefur greitt fyrir innflutning þessara vara síðustu fjögur ár fyrir málshöfðun.

Með 65. gr. A í búvörulögum nr. 99/1993 er ráðherra heimilað að uppfylltum þargreindum skilyrðum að úthluta tollkvótum fyrir innflutning framangreindra landbúnaðarvara og ákveða skilmála innflutningsins, þ.m.t. tolltaxta. Af samspili 5. og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 við 65. gr. A í búvörulögum nr. 99/1993 leiðir að ráðherra er heimilt að víkja frá þeim tollum á umræddar landbúnaðarvörur sem mælt er fyrir um í tollalögum og heimila þess í stað innflutning þeirra á grundvelli skilmála sem hann ákveður sjálfur með reglugerð. Í framkvæmd hefur ráðherra oft farið þá leið að heimila tollfrjálsan innflutning þessara vara.

Krafa stefnanda er reist á ákvæðum laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda þar sem álagning framangreindra tolla í tilviki stefnanda hafi verið ólögsmæt af neðangreindum málsástæðum.

Stefnandi byggir á því að um valkvæða skattlagningu sé að ræða. Álagning tolls á landbúnaðarvörur sem falla undir tollskrárnúmer sem tilgreind eru í viðaukum IVA og IVB við tollalög nr. 88/2005 uppfylli ekki áskilnað 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar um að skattamálum skuli skipað með lögum og óheimilt sé að fela stjórnvöldum ákvörðunarvald um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Stefndi telur að af samspili 5. og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 við 65. gr. A í búvörulögum nr. 99/1993 leiði að ráðherra sé heimilt að víkja frá þeim tollum á landbúnaðarvörur sem mælt er fyrir um í tollalögum og heimila þess í stað innflutning á þessum vörum á grundvelli skilmála sem hann ákveður í reglugerð. Ráðherra sé því framselt vald um það hvort tollar á vörur sem falla undir tollskrárnúmer sem tilgreind eru í viðaukum IVA og IVB við tollalög skuli lagðir á eða þeim breytt og telur stefnandi þetta vera í andstöðu við fyrrgreind ákvæði stjórnarskrárinnar. Að mati stefnanda hafi þetta þau réttaráhrif að umrædd ákvæði teljist ekki vera gildar skattlagningarheimildir og gjaldtaka sem farið hafi fram á grundvelli þeirra sé því ólögsmæt.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því að ákvæði 5. og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 65. gr. A í búvörulögum nr. 99/1993 uppfylli ekki þær skýrleikakröfur sem gerðar séu til skattlagningarheimilda. Í 65. gr. A í búvörulögum sé vísað almennt til 12. gr. tollalaga án þess að getið sé málsgreinar. Í ákvæðum tollalaga sé vísað til viðauka með lögnum. Engir slíkir viðaukar, ef frá er talinn viðauki I, hafi hins vegar

verið settir eða birtir í Stjórnartíðindum með lögunum heldur sé um að ræða óskýrar tilvísanir til viðauka við eldri lög sem fallin séu úr gildi.

Stefnandi telur að viðaukar sem vísað er til í tollalögum, aðrir en viðauki I, hafi ekki hlotið þinglega meðferð við setningu laganna og ekki verið birtir með þeim í Stjórnartíðindum. Umræddir viðaukar og ákvæði laganna sem vísi til þeirra uppfylli því ekki skilyrði 26., 27. og 44. gr. stjórnarskrárinnar.

Af hálfu stefnanda er enn fremur á því byggt að tollar sem mælt er fyrir um í 12. gr. tollalaga séu andstæðir 1. mgr. 5. gr. sömu laga sem banni álagningu annarra tolla en þar er kveðið á um.

III.

Stefndi byggir á því að þeir tollar sem stefnandi krefst endurgreiðslu á teljist til aðflutningsgjalda í skilningi 1. tl. 1. mgr. 1. gr. tollalaga nr. 88/2005, þar sem þá beri að greiða við tollmeðferð vöru við innflutning. Stefnandi vísi engu að síður til laga nr. 29/1995. Þó segi í lokamálsgrein 1. gr. laga nr. 29/1995 að þau gildi ekki þar sem lög mæli fyrir á annan veg. Efnislega komi hið sama fram í þeim lögum varðandi vexti af slíkum kröfum. Í 2.–4. mgr. 125. gr. tollalaga sé hins vegar að finna sérreglu um endurgreiðslu oftekinna aðflutningsgjalda. Þar sé tekið á því ef greitt er of mikið, en þá skuli endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslum ríkissjóðs. Þetta sé sérregla í tollalögum og telur stefndi að þetta ákvæði eigi við þar sem 1. og 2. gr. laga nr. 29/1995 vísi til þess að þau gildi ekki þar sem lög mæli fyrir á annan veg. Stefndi telur að mál þetta sé þannig byggt á röngum lagagrundvelli og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda.

Stefndi vísar til þess að ákvæði 4. mgr. 125. gr. tollalaga eigi verulega samstöðu með ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Það komi fram í lögskýringargögnum með tollalögum. Því beri að skýra ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995 gagnvart tollalögum með sama hætti og gagnvart tilgreindu ákvæði tekjuskattslaga. Samkvæmt því verði að sýkna af kröfu um dráttarvexti þar sem ekki sé gerð krafa um dráttarvexti frá öðrum tíma í stefnu og engin varakrafa sé til staðar.

Þá byggir stefndi á því að ekki hafi verið gerður fyrirvari við greiðslu tolla en það sé nauðsynlegt þegar endurgreiðslukrafa er byggð á tollalögum. Meginreglur kröfuréttar um endurgreiðslu oftekins fjár byggist á því að greitt sé með lögmætum fyrirvara. Lög nr. 29/1995 feli í sér undantekningu frá þessari meginreglu.

Stefndi telur að af orðalagi fyrri hluta 1. mgr. 65. gr. A í búvörulögum verði ráðið að ráðherra sé skylt að úthluta tollkvótum við tilteknar aðstæður, þ.e. hann hafi

ekkert val um að sleppa úthlutun tollkvóta. Skilyrði séu talin upp í ákvæðinu. Ráðherra skuli úthluta tollkvótum að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara þegar ljóst sé að framboð á viðkomandi vöru sé ekki nægjanlegt á innanlandsmarkaði eða sýnt þyki að það verði ekki nægjanlegt á næstu þremur mánuðum. Í 2. mgr. sé skortur á framboði nánar skilgreindur. Stefndi telur ljóst af þessu að ráðherra sé beinlínis skylt að úthluta tollkvótum samkvæmt viðaukum IV A og B við tollalög við aðstæður sem séu vel skilgreindar með lögum sem ráðherra beri að sjálfsögðu fylgja.

Stefndi vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 65. gr. A í búvörulögum eigi ráðherra að úthluta tollkvótum á þeim tollum sem tilgreindir eru í 12. gr. tollalaga. Í 3. mgr. 12. gr. tollalaga sé kveðið á um að tollur á vörur sem eru fluttar inn á grundvelli tollkvóta samkvæmt viðaukum IV A og B skuli vera magntollur (kr./kg.) og nema a) mismun ríkjandi heildsöluverðs og b) innflutningsverðs að teknu tilliti til heildsöluálagningar. Af málatilbúnaði stefnanda megi ráða að hann haldi því fram að tilgreining á því hverju tollurinn skuli nema uppfylli ekki lögmætisskilyrði 40. og 77. gr. stjórnarskrár, þ.e. að reikniforsendur séu ekki tilgreindar með nægilega nákvæmum og gagnsæjum hætti.

Í dómaframkvæmd hafi lögmætiskröfur 40. og 77. gr. stjórnarskrár í grundvallaratriðum verið þær að í lögum sé kveðið á um hverjir séu skattskyldir, við hvað skatturinn skuli miðast og hver sé fjárhæð hans. Kröfurnar hafi því verið þær að í löggjöf sé kveðið á um skattskyldu, skattstofn, skatthlutfall, reglur um nánari útreikning skatts o.s.frv.

Ekki sé ágreiningur eða vafi um hver skuli greiða tollinn. Óumdeilt hljóti að vera hver skattstofninn sé, þ.e. hin innflutta vara í kg. enda leiði það beinlínis af ákvæðum tollalaga, m.a. 3. mgr. 12. gr. þeirra. Þá leiði einnig af ákvæðum tollalaga hvernig tollur er lagður á. Ekki sé vafi um að lögmætisreglan teljist vera uppfyllt að þessu leyti til. Eftir standi spurningin um það hvort tollhæð eða fjárhæð sé nægjanlega tilgreind með lögum. Hámark tolls sé ákveðið sem 45% af ákveðnum magntolli samkvæmt tollskrá en hann eigi að nema mismun ríkjandi heildsöluverðs og innflutningsverðs að teknu tilliti til heildsöluálagningar. Með þessu sé sett hlutbundið og mælanlegt hámark. Aðeins þurfi því að leysa úr því hvar á bilinu 0–45% af magntolli samkvæmt tollskrá tollurinn megi nema í kr./kg.

Upplýsingar um heildsöluverð beri að byggja á upplýsingum sem aflað sé frá a.m.k. tveimur leiðandi ótengdum dreifingaraðilum. Innflutningsverð eigi að nema

meðaltali tollverðs síðastliðinna sex mánaða. Grundvallarspurningin sé því sú hvort það geti talist standast áskilnað lögætisreglu 40. og 77. gr. stjórnarskrár og bann við framsali skattlagningarvalds að fjárhæð tollsins er ekki að öllu leyti tilgreind í lögum heldur aðeins forsendur sem skylt er að byggja á við útreikning fjárhæðarinnar. Hér beri einnig að hafa hugfast að samkvæmt lokamálsgrein 65. gr. A í búvörulögum beri ráðherra að birta tolltaxta með reglugerð og eins og stefnan beri með sér hafi það verið gert og sé því óumdeilt.

Í tilviki stefnanda liggi fyrir að fjárhæð hinna umdeildu tolla sé birt með reglugerð sem ráðherra er skylt að setja. Af lagagrundvelli 65. gr. A í búvörulögum leiði að engin röksemd stefnanda sem skírskoti til 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar standist skoðun enda sé aðferðafræði úthlutunar tollkvóta samkvæmt viðaukum IV A og B með tollalögum ítarlega skilgreind í löggjöf og ekki gengið svo langt að fari í bága við ákvæðin.

Stefndi vísar einnig til þess að álagning tolla á grundvelli viðauka IV A og B við tollalög feli í sér ívilnandi undantekningu frá þeirri meginreglu 5. gr. tollalaga að leggja beri toll á vörur við innflutning samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög.

Stefndi mótmælir því að álagning tolla samkvæmt viðaukum IV A og B við tollalög feli í sér mismunun samkvæmt 5. gr. tollalaga. Með þessu sé stefnandi að gera tilraun til að slíta einstök ákvæði tollalaga úr samhengi við önnur ákvæði þeirra laga. Stefndi bendir á að ákvæði 5. og 12. gr. tollalaga séu í sömu lögum og annað ákvæðið útrými ekki hinu. Ákvæði 12. gr. tollalaga séu einfaldlega sérákvæði gagnvart almennum ákvæðum 1. mgr. 5. gr. sömu laga ekki síður en ákvæði 2. og 3. mgr. hennar eða ákvæði 6. og 7. gr. laganna. Ákvæði tollalaga geri beinlínis ráð fyrir því að samið verði um frávík frá meginreglunni í fríverslunarsamningum, sjá t.d. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr., lokamálsgrein 12. gr., 4. tölul. 1. mgr. 28. gr., 4. mgr. 145. gr. og 192. gr. þar sem segir beinlínis að ráðherra skuli hrinda í framkvæmd ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljist vera óaðskiljanlegur hluti þeirra. Allur greinarmunur sem gerður sé við álagningu tolla og byggist á samningsskuldbindingum Íslands samkvæmt fríverslunarsamningum sé því málefnalegur.

IV.

Í IV. kafla tollalaga nr. 88/2005 er kveðið á um tollskyldu. Nánar tiltekið er þar í 1. mgr. 5. gr. laganna mælt fyrir um að greiða skuli toll af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins og tekið fram að sá tollur skuli vera í samræmi við tollskrá í viðauka

I með tollalögum. Í máli þessu krefst stefnandi endurgreiðslu á tollum sem teljast til aðflutningsgjalda vegna innflutnings á vörum sem falla undir búvörulög nr. 99/1993, nánar tiltekið 65. gr. A og B í þeim lögum. Reisir stefnandi kröfu sína á því að tollarnir hafi verið ofteknir í skilningi laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Auk þess heimili tilvísuð ákvæði ráðherra að taka sér vald til að ákvarða gjaldtöku, en þetta fari í bága við lagaáskilnaðarkröfu 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og feli í sér óheimilt framsal skattlagningarvalds.

Eins og stefnandi hefur búið málið úr garði verður ekki undan því vikist að hyggja nánar að inntaki og forsögu þeirra lagaákvæða sem standa í forgrunni þess ágreinings sem hér er kominn til úrlausnar héraðsdóms. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til breytinga á lögum nr. 99/1993 og 88/2005 sem lagt var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013 var sérstaklega vísað til álits umboðsmanns Alþingis frá 18. júlí 2011 þar sem fjallað var um heimild ráðherra til að leggja á verð- eða magntolla. Fram kemur í athugasemdunum að lagabreytingarnar „sem lagðar eru til í frumvarpinu [miði] að því að takmarka, eins og kostur er, í samræmi við athugasemdir umboðsmanns Alþingis, þau matskenndu skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt við ákvörðun um úthlutun tollkvóta og kveða skýrt á um tollprósentu sem vörur sem fluttar eru inn á grundvelli tollkvóta skuli bera þannig að ákvæðin fái staðist framangreind ákvæði stjórnarskrárinnar“. Í sérstökum athugasemdum við 3. gr. lagafrumvarpsins kemur meðal annars fram að í frumvarpinu sé „lagt til að ráðherra sé skylt að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur á þeim tollum sem tilgreindir eru í 12. gr. tollalaga þegar sýnt þykir að ekki sé nægjanlegt framboð af viðkomandi vöru á innanlandsmarkaði en í gildandi ákvæði er kveðið á um heimild ráðherra til slíkrar úthlutunar“. Í niðurlagi athugasemda með þessari sömu grein er áréttað að tilgangur ákvæðisins sé að „takmarka eins og kostur er, í samræmi við athugasemdir umboðsmanns Alþingis, þau matskenndu skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt við ákvörðun um úthlutun tollkvóta samkvæmt viðaukum IVA og B við tollalög“.

Í samræmi við þessar skýringar í greinargerð með frumvarpi til breytinga á framangreindum lögum er nú í ákvæði 1. mgr. 65. gr. A í búvörulögum nr. 99/1993 mælt fyrir um það að ráðherra skuli „að fengnum tillögum nefndar skv. 87. gr. úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IVA og B við tollalög á þeim tollum sem tilgreindir eru í 12. gr. tollalaga þegar framboð á viðkomandi vöru er ekki nægjanlegt á innanlandsmarkaði eða sýnt þykir að það verði ekki nægjanlegt á næstu þremur mánuðum“. Af ákvæðinu verður ekki annað ályktað en að löggjafinn hafi að

yfirveguðu máli og að teknu tilliti til athugasemda umboðsmanns Alþingis ákveðið að leggja ráðherra úthlutunarskyldu á herðar fremur en að kveða aðeins á um heimild í þá veru. Telst því vera skýr lagastoð fyrir því að ráðherra úthluti umræddum tollkvótum þegar uppfyllt eru þau skilyrði sem þar er nánar lýst. Nefndin sem skírskotað er til í tilvísuðu ákvæði er ráðgjafarnefnd, sem skipuð er í samræmi við 87. gr. laganna. Hefur nefnd þessi það lögbundna hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar um innflutning og útflutning landbúnaðarvara. Á þeim grunni gerir nefndin meðal annars tillögur til ráðherra um úthlutun tollkvóta samkvæmt ákvæði 65. gr. og 65. gr. A í lögum nr. 93/1999. Í 2. mgr. síðastnefnds lagaákvæðis er skilgreint hvenær framboð telst ekki nægjanlegt, þ.e. „ef viðkomandi vara er ekki til stöðugar dreifingar eða áætla má að hún verði það ekki í að lágmarki 90% magni af eftirspurn a.m.k. tveggja leiðandi ótengdra dreifingaraðila og er ekki fánleg frá a.m.k. tveimur framleiðendum“. Af framangreindum ákvæðum laga nr. 93/1999 leiðir að ráðherra ber að úthluta þeim tollkvótum sem þar um ræðir. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 skal tollur á vörur sem eru fluttar inn á grundvelli tollkvóta samkvæmt viðaukum IV A og B vera magntollur (kr./kg.) og nema a) mismun ríkjandi heildsöluverðs og b) innflutningsverðs að teknu tilliti til heildsöluálagningar. Í samræmi við þetta er ágreiningslaust hverjum tollskyldan beinist að. Óumdeilt er einnig að það er hin innflutta vara sjálf sem markar grunn þess tollgjalds sem innheimt er. Fram kemur enn fremur í ákvæði 3. mgr. 12. gr. laganna að tollur skuli ekki vera hærri en 45% af ákveðnum magntolli samkvæmt tollskrá og að upplýsingar um heildsöluverð skuli byggjast á upplýsingum sem aflað er frá „a.m.k. tveimur leiðandi ótengdum dreifingaraðilum“. Þá er í ákvæðinu jafnframt mælt fyrir um að viðmiðunartímabil við þessa útreikninga skuli vera síðastliðnir sex mánuðir, en hafi vara ekki verið flutt til landsins á þeim tíma er heimilt að miða innflutningsverð við „viðskiptaverð vörunnar í útflutningslandi að viðbættum flutnings- og váttryggingarkostnaði [og að viðbætti heildsöluálagningu]“.

Að þessum fyrirmælum virtum þykir mega fallast á það með stefnda að löggjafinn hafi í þeim tilvikum sem hér um ræðir sett hlutlægt og mælanlegt hámark. Þótt fjárhæð tolls hafi ekki verið tíunduð sérstaklega í lögum er kveðið á um það hvernig tollur skuli ákveðinn og lögfest hlutlæg skilyrði fyrir þeirri ákvörðun. Með hliðsjón af þessu verður ekki fallist á þau sjónarmið stefnanda að þessi tilhögun löggjafans, sem reist er á málefnalegum grunni og á sér hliðstæðu í öðrum ákvæðum laga, brjóti gegn áður tilgreindum ákvæðum stjórnarskrár.

Þá má af stefnuskjali ráða að enginn ágreiningur sé um það gerður í málinu að ráðherra hafi í samræmi við fyrirmæli 65. gr. A í búvörulögum nr. 99/1993 birt reglur um úthlutun tollkvóta með reglugerð þar sem meðal annars eru birtir tolltaxtar. Með framangreindum ákvæðum hefur löggjafinn markað ákvörðunartöku ráðherra upphaf, inntak, afmörkun og farveg, auk þess sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem skylt er að byggja á við útreikning tollfjárhæðar. Verður samkvæmt þessu ekki á það fallist með stefnanda að tilgreiningu reikniforsendna sé svo ábótavant að það geti talist fara í bága við lögmætisskilyrði 40. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, né heldur að í þessu fyrirkomulagi felist brot gegn banni við framsali skattlagningarvalds. Með sömu röksemdum verður hafnað sjónarmiðum stefnanda sem byggja á því að álagning umræddra tolla feli í sér mismunun samkvæmt 5. gr. laga nr. 88/2005, enda geyma ákvæði 12. gr. laga nr. 88/2005 sérreglur gagnvart almennum ákvæðum 1. mgr. 5. gr. sömu laga og stefnandi hefur ekki sýnt fram á að í framkvæmd hafi álagning umræddra tolla byggst á ómálefnalegum forsendum. Annmarkar á birtingu viðauka II–IV með lögum nr. 88/2005 eru að mati dómsins ekki svo verulegir að það haggi gildi þeirra að lögum, enda hefur verið vísað til viðauka þessara í réttarframkvæmd, m.a. í dómum Hæstaréttar Íslands, sbr. t.a.m. dóm réttarins í máli nr. 666/2016, auk þess sem Alþingi hefur sérstaklega tekið afstöðu til þess að viðaukar þessir skyldu gilda áfram sem viðaukar við tollalög nr. 88/2005. Með framangreindum röksemdum telst löggjafinn hafa nægjanlega tilgreint þá sem gjaldskyldir eru, viðmiðun gjaldheimtunnar og fjárhæð gjalda. Með því að fyrirmæli laga teljast samkvæmt þessu fullgild heimild til gjaldtökunnar og að stjórnvöldum hefur ekki verið falin ákvörðun um nein meginatriði í þeim efnum verður hafnað sjónarmiðum stefnanda þess efnis að tollheimta sú sem hér um ræðir brjóti í bága við lagaáskilnaðarkröfur 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Með því að stefnandi hefur samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að álagðir tollar hafi verið ofteknir í skilningi laga nr. 29/1995 verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Í samræmi við þessi úrslit málsins og með skírskotun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 600.000 krónur. Hefur við þá ákvörðun verið litið til þess að mál þetta hefur verið rekið samhliða fjórum öðrum samkynja málum.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Innes ehf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 600.000 krónur í málskostnað.

Arnar Þór Jónsson.